

Fundargerð

47. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 2. maí 2014 kl. 13:30 í fundarsalnum Hofi, Borgartúni 12-14, Reykjavík.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Elfur Logadóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Snær Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær.

Bjarni Torfi Álfþórsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

Ennfremur sátu fundinn hluti fagráðs svæðisskipulagsnefndar, Haraldur Sigurðsson, Þórður Búason og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Tillaga að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins - Höfuðborgarsvæðið 2040.

Viðbrögð við innkomnum athugasemdum við tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga voru lögð fram ásamt minnisblaði Skipulagsstofnunar dags. 30. apríl.

Hrafnkell greindi frá að framundan væru fundir með tveimur aðilum sem hefðu komið með athugasemdir. Fundur með fulltrúum Vegagerðarinnar verður 5. maí og fulltrúum Skipulagsstofnunar 6. maí.

Niðurstaða:

Formanni svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra falið að halda uppi sjónarmiðum nefndarinnar á fundi með Skipulagsstofnun og leita leiða til að fá skýringar á minnisblaði stofnunarinnar og ná sátt um næstu skref.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.